

Leikskólinn Reynisholt

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglíngar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	4
3 Innra mat deilda	7
3.1 Innra mat Bjartalundar	7
3.2 Innra mat Geislalundar	10
3.3 Innra mat Sunnulundar	12
3.4 Innra mat Stjörnulundar	14
4 Innra mat sérkennslu.....	16
5 Innra mat – fjöltyngd börn	17
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	20
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	22
8 Foreldrasamvinna.....	24
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	24
10 Fylgigögn.....	25
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	25



Leiðarljós leikskólans

Lífsleikninám með sérstaka áherslu á jóga með börnum, umhverfismennt, útikennslu og bernskulæsi.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Leikskólinn vinnur með lífsleikni í leikskólastarfi með sérstakri áherslu á jóga með börnum, umhverfismennt, útikennslu og bernskulæsi

Þennan vetur var ákveðið að leggja áherslu á að efla læsi barnanna í leikskólanum. Styrkumsókn úr A-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs sem leikskólinn fékk úthlutað úr bar yfirskriftina *Félagsfærni út í lífið: vellíðan, leikur og læsi*. Bernskulæsi er einn af áherslupáttum leikskólans og ákveðið var að efla þann þátt í starfi skólans þetta skólaárið, ásamt félagsfærni barnanna. Enda er það reynsla okkar að þessir tveir þættir haldist oft í hendur. Styrkurinn fór í fræðslu fyrir starfsfólk leikskólans í efnisveitum og námsefni sem gæti eftt þau í að vinna með læsi með börnunum.

Undanfarin fjögur ár höfum við haft verkefnastjóra málörvunar sem sinnir þeim börnum sem þurfa aukna málörvun, tvítyngdu börnunum ásamt því að vera stuðningur við deildirnar. Þetta hefur gefist mjög vel og munum við halda áfram að þróa þessa stöðu innan leikskólans.

Erfitt var að meta niðurstöður úr starfsmannakönnun þar sem nýtt kerfi var notað í ár og ekki sömu spurningar og áður. Í heildina litið höfum við staðið í stað, ef ekki er tekið með spurning um launakjör. Þeir þættir sem við lögðum mesta áherslu á í vetur voru að efla starfsánægju, starfsanda, og líðan. Þeir þættir hafa hækkað. Sem dæmi hefur „*mér líður vel í vinnunni*“ hækkað úr 3.94 í 4.13. Einnig lögðum við áherslu á fræðslu, tilgang og jafnrétti. Ekki var spurt um *fræðslu* í þessari könnun en *hvatning* og *hrós* hefur hækkað. *Jafnrétti* hækkaði úr 3.68 í 4.5 en aftur á móti hefur *markmið* lækkað úr 4.5 í 4.33. Það sem hefur staðið nokkuð í stað er *upplýsingaflæði*, *árangursrík stjórnun* og *hæfir starfsmenn*. Sá þáttur sem hefur lækkað mest er *vinnuaðstaða* enda höfum við verið að skoða vel hvernig við getum nýtt og breytt starfsmannaaðstöðunni til hins betra. Niðurstöður kynntar fyrir starfsfólki í mars og opið samtal um hvernig við getum nýtt okkur þær til að bæta skólann okkar.

Niðurstöður úr viðhorfskönnun foreldra sýna að mikilvægt er að endurheimta samtal og samstarf við foreldra eftir þá lægð sem var í heimsfaraldrinum. Þó að flestir þættir skori nokkuð hátt, flestir vel yfir 4.3, þá hefur meðaltalið lækkað úr 4.76 í 4.68 og nokkuð margir þættir lækkað ögn. Helst eru það þættir sem snúa að þekkingu foreldra á stefnu skólans og þá sérstaklega foreldrar sem hafa annað móðurmál en íslensku, aðgengi að stjórnendum og þátttöku í mati og leikskólastarfi. Vísbindingar eru þó um að minni breyting sé hjá foreldrum yngri barna sem getur hugsanlega skýrst að hluta til af því að þeir hafi haft greiðari aðgang að stjórnendum og starfsfólki en foreldrar barna sem hófu dvöl í Covid. Foreldrar eru mjög ánægðir með samskipti og viðmót starfsmanna bæði við börnin og sig sjálfa og telja allflestir að barninu sínu líði vel í leikskólanum. Þeim þykja verkefni í leikskólanum áhugaverð og hefur upplýsingaflæði aukist um verkefni og hvað sé á döfinni. Foreldrar barna sem þurfa sérstakan stuðning eru í heildina ánægðir, telja að stuðningur hafi gagnast og að heildstætt hafi verið tekið á málum.

Á skipulagsdögum hefur áhersla verið á að klára vinnu við samskiptasáttmála, finna leiðir til að allir starfsmenn þekki stefnu leikskólans, skilji tilgang með leikskólastarfi og sínu hlutverki þar, skilji tilgang



með teyllum og þekki réttar boðleiðir. Unnið var að því að koma að námskeiðum sem tengjast áhersluþáttum leikskólans. M.a. var boðið upp á námskeið í námeftinu Lubbi finnur málbein og einnig var námskeið í fjölbreyttum kennsluáðferðum. Allir starfsmenn fóru einnig á jóganámskeið og fengu nýjar hugmyndir um hvernig hægt er að vinna í jóga með börnum.

Á síðustu fundum teymanna var unnið að endurmati. Einnig unnið að endurmati út frá starfsáætlun síðasta vetrar með deildunum.

Megináherslur næsta vetur verða því að vinna með að fylgja eftir innra mats áætlun skólans sem unnin var í vetur í þróunarverkefni allra leikskóla í Austur miðstöð. Þar munum við efla þátttöku foreldra og barna í mati. Fylgt verður eftir þeim ákvörðunum sem teknar voru varðandi breytingar á húsnæði leikskólans. M.a. breytingum á kaffistofu kennara og lokun á sal. Miklar breytingar hafa orðið á lóð leikskólans en hún var tekin í gegn á síðasta skólaári ásamt Reynislundi.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Lífsleiknitemi	Teymið hittist og ræddi saman	Einn starfsmaður af hverri deild	Jógastundir og öndunaræfingar hafa aukist. Auka þarf sýnileika Blæs og dygða honum tengt
Læsisteymi	Teymið hittist og ræddi saman	Einn starfsmaður af hverri deild	Lubbavinna í gangi á öllum deildum, notkun á þulum og lögum tengt vinnu á deildum gekk vel.
Umhverfisráð	Teymið hittist og ræddi saman	Einn starfsmaður af hverri deild	Notkun á Bambahúsi gekk ágætlega, ræktun inni á deild sömuleiðis. Vel gekk að fara í ferðir. Virkja þarf betur börn í flokkun og nýtingu á mat.
Listgreinateymi	Teymið hittist og ræddi saman	Einn starfsmaður af hverri deild	Vinna með gamla tíma og tröll gekk vel og markmiðum náð. Vinaregnbogi gerður í sal, vinna með Blæ.
Stjórnendur unnu mat út frá starfsáætlun	Stjórnendur ræddu saman um hvernig unnið var að markmiðum	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	Mörgum markmiðum náð, unnið vel með verkfæri fyrir starfsmenn tengt málhljóðum og almennt með áherslur skólans í lífsleikni, læsi og umhverfismennt

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Viðhorfskönnun starfsmanna	Könnun á vegum SFS	Starfsmenn	Niðurstöður benda til þess að við séum á réttri leið með að efla starfsanda og líðan í skólanum en mikilvægt sé að halda því áfram. Einnig má bæta enn við fræðslu, upplýsingaflæði og vinnuaðstöðu
Viðhorfskönnun foreldra	Könnun á vegum SFS	Foreldrar	Niðurstöður benda til að efla þurfi foreldrasamstarf og ná aftur þeim takti sem var fyrir heimsfaraldur. Skýra þarf stefnu skólans og efla þátttöku foreldra í mati og skólastarfi. Foreldrar eru ánægðir með leikskólann og börnunum líður vel.

Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun og umhverfi							
Fræðsla og tilgangur	Að allir starfsmenn þekki stefnu leikskólans og skilji tilgang með leikskólast.	Fræðsla til allra starfsm. á skipulagsd. bæði með fyrirlestrum og jafningja-fræðslu	Stjórnend ateymi	Haust	Vor	Viðhorfskönnun starfsmanna og þátttaka í umræðum í teyllum	Hærra gildi í viðhorfskönnun starfsmanna í fræðslu og tilgangi
Upplýsingaflæði	Til stm og foreldra	Upplýsingar-póstar til stm og foreldra	stjórnend ateymi	haust	vor	Viðhorfskönnun foreldra og starfsmanna vor	Hærra gildi í viðhorfskönnun
Vinnuaðstaða	Kaffiaðstaða starfsmanna og salur lagaður þannig að hann nýtist betur fyrir yngri börn þar sem hægt verður að loka	Breyta kaffiaðstöðu starfsmanna og loka sal	Stjórnend ateymi	Haust	Vor	viðhorfskönnun	Salur betur nýttur af yngri deildum eftir breytingu deildum og ánægja starfsmanna eykst skv viðhorfskönnun
Móttaka nýliða	Endurskoðun á móttöku-áætlun	Ný móttöku-áætlun verði sett í notkun og hlutverk stjórnenda í móttöku verði skýrt	Stjórnend ateymi	Haust	vor	Viðhorfskönnun starfsmanna. Viðtal stjórnenda/deildars t. við nýjan starfsmann eftir 3 mánuði í starfi	Hærra gildi í viðhorfskönnun starfsmanna í móttöku nýliða



Mannauður/ Leikskólabragur							
Tækifæri til samtals	Auka leiðsögn til starfsmanna	Fleiri samtöl deildarstjóra við starfsfólk og starfsþróunar samtöl við leikskólastjóra a. Einnig skilvirkari móttaka nýliða	Stjórnendateymi	Haust	Vor	Viðhorfskönnun starfsmanna	Hærra gildi í viðurkenningu, fræðslu og móttöku nýliða
Starfsandi	Samskiptasáttmáli og skýr hlutverk	Vinnu við samskiptasáttmála lokið halda þarf gildum þar á lofti og setja fram skýr hlutverk starfsm. Einnig skýrar boðleiðir og aðgangur að upplýsingum	Stjórnendateymi og allir starfsmenn	Haust	Vor	Viðhorfskönnun starfsmanna.	Samskiptasáttmáli tilbúinn. Hærra gildi í viðhorfskönnun starfsmanna í vinnuálagi, starfsánægju og starfsanda
Innra mat							
Markmið fyrir umhverfisráð	Flokkun, umhverfislæsi, bambahús Græn skref RVK borgar	Átak í flokkun, virkja umhverfisráð barna, skýr áætlun með bambahúsið og sett inn í skipuleg hverrar deildar	Umhverfisráð	Haust	vor	Fundargerðir og skráningar frá deildum á verkefnum vetrarins	Starfsfólk og börn meðvitað um flokkun og bambahúsið virkt.
Markmið fyrir lífsleikniteymi	Halda betur áherslum leikskólans á lofti – jóga, snerting og slökun	Virkja og kenna öllum starfsmönnum á kyrrðarstunds körfur, sýna starfsmönnum hvað hægt er að gera í kyrrðarstundum. Taka fyrir ákv. dygðir	Lífsleikniteymi, einn starfsmaður af hverri deild ber ábyrgð	Haust	Vor	Fundargerðir og starfsmannafundur nýttir til að taka stöðu hjá deildum.	Sýnileiki í daglegu starfi og nýtinu kyrrðarstunda karfanna
Markmið fyrir Læsisteymi	Halda utan um vinastundir, markvissar áskoranir þvert á húsið	Markvissari vinna með Lubba þvert á allar deildir, senda heim bækur í	Læsisteymi	Haust	Vor	Fundargerðir og skráningar frá deildum á verkefnum vetrarins	Fundargerðir sýnilegar og starfsfólk meðvitað um markmið



		tösku, þema orðflokka					
Markmið fyrir listgreinateymi	Að listgreinar, tónlist og hreyfing séu sýnilegri	Flétta betur skapandi starf inn í daglegt starf, grípa þær hugmyndir sem koma frá börnum í daglegu starfi	Listateymi og starfsmenn allir	Haust	Vor	Vormisseri, á síðasta teymisfundum listateymis og skráningar deilda	Skráningar sýna þróun og uppgötvun barna í daglegu starfi

3 Innra mat deilda

3.1 Innra mat Bjartalundar

Á Bjartalundi veturinn 2022 – 2023 dvöldu alls 15 börn fyrir áramót og 16 börn eftir áramót, öll fædd 2020 – 2021. Fjórir starfsmenn voru á deildinni ásamt afleysingu. Starfsmannabreytingar urðu um áramót þar sem tveir nýir starfsmenn hófu störf. Auk fræðslu á skipulagsdögum sótti deildarstjóri nám í Menntafléttunni, ásamt öðrum deildarstjóra, sem sneri að yngstu börnum leikskólans.

Aðlögun gekk vel og fljótlega var hægt að hefja skipulagt starf. Sett voru fjögur markmið fyrir veturinn, að þjálfu upp skráningar á leik barna, að auka útinám bæði með gönguferðum og lundinum, að efla sjálfstæði barnanna og efla lestur bóka.

Lestur og málörvun var áberandi og náðist markmið síðasta vetrar. Einn starfsmaður útbjó bókadagatal og voru ákveðnar bækur fyrir hvert tímabil sem lesnar voru aftur og aftur. Unnið var með sögur og bækur á fjölbreyttan hátt, notaðir leikmunir, loðtöflusögur og tússtöflur. Grísirnir þrír, geiturnar þrjár og Hvíti björninn og litli maurinn voru allt sögur sem náðist að vinna með á þann hátt að flest börnin náðu að söguþræðinum vel og lærðu ný orð.

Öll börn fengu bókatösku með sér heim bæði fyrir og eftir áramót. Fyrir áramót var Unnur ugla sem heimsótti börnin með bókakost og jógaæfingu og öndunaræfingu. Eftir áramót var það Lubbi úr Lubbi finnur málbein sem heimsótti börnin og fylgdi bæði það málhljóð sem þau unnu með og þeirra eigin málhljóð. Unnið var með fyrstu sex málhljóðin og lærðu börnin táknið og lagið ásamt því að útbúa listaverk með hverju hljóði.

Börnin gátu notað lundinn takmarkað vegna framkvæmda en náðu að fara í gönguferð fyrir áramót og nokkrar eftir áramót. Við fylgdumst með Krumma laupinum á byko.is og fengu börnin mikinn fuglaáhuga. Hvert barn útbjó kík og fór í gönguferð við Reynisvatn að skoða fuglana. Einnig var farið í fjallgöngur og göngur kringum leikskólann. Útinámið náðist því vel þennan veturinn enda miklir útgarpur á deildinni.

Skráningar voru erfiðari að ná upp í rútínu hjá starfsfólki. Gerðar voru miklar skráningar á verkefnum barnanna sem skilaði sér í ferilmöppurnar. Leikskráningarnar voru aðallega í könnunarleiknum og náðist illa að skipuleggja tíma til að rýna í þær sameiginlega. Það markmið mun því halda áfram næsta ár.

Sjálfstæði barnanna fékk að blómstra allt eftir aldri og þroska hvers og eins. Börnin fengu mikla þjálfun í fataklefanum og við matarborðið æfðu þau sig að ganga frá eftir síðdegishressingu. Þetta markmið mun þó halda áfram næsta vetur en með aðeins öðrum vinkli; út frá valdeflingu barna á fjölbreyttan hátt.

Velliðan barnanna var forgangsraðað ofar öllu og reynir starfsfólk eftir fremsta megni að vera til staðar í leiknum og styðja við félagslegan þroska þeirra. Mesta félagsfærnin fer fram í gegnum leik en einnig var nýtt námsefni Blæs ásamt jókastundum en börnin náðu all mörgum jókastundum bæði fyrir og eftir áramót. Í þeim var lögð áhersla á ævintýraferðir þar sem við breyttumst í allskonar dýr og einnig var unnið með jógabækur. Slökunaræfingar, nudd, snertileikir og öndunaræfingar skipuðu stóran sess í stundunum en einnig í daglegu starfi, svo sem samverustundum og matartímum.

Næsta vetur ætlum við að halda áfram með skráningar á leik og skipuleggja betur tíma til að ræða saman. Einnig ætlum við að innleiða af krafti Tákn með tali á deildinni en þörf á því með svo ung börn. Valdefling er hugtak sem starfsfólkið ætlar að ræða og skilgreina saman og finna út hvernig við getum stutt enn betur við hana á deildinni. Þróunarverkefni vetrarins verður sköpun og mun áherslan á Bjartalundi vera á skynjun og velta því fyrir okkur hvernig sköpun birtist í leik og starfi hjá ungum börnum.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skráningar á leik barna	Að starfsfólk þjálfist í að skrá leik og samskipti barna.	Skipuleggja deildarfundir með skráningar í huga – nýta undirbúning til að vera inn á deild og skrá	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar	Okt 2023	Maí 2024	Fjöldi skráninga ásamt fundargerðum og foreldraviðtölum	Starfsmenn deildar framkvæma skráningar á skilvirkan hátt og rýna í þær sameiginlega og tekur ákvarðanir byggðar á þeim til hagsbóta barnanna.
Tákn með tali	Að efla notkun TMT á deildinni í daglegu starfi	Vinna markvisst með grunntáknin fyrir áramót og bæta svo við eftir áramót	Lekskólakennari ásamt öllum starfsmönnum	Sept 2023	Maí 2024	Metið á deildarfundum hvort starfsfólk sé að ná tökum á TMT	Að starfsfólk þekki og noti grunntáknin í daglegu starfi með börnunum.
Valdefling barnanna	Að efla börnin í að gera sjálf og reyna sjálf ásamt því að efla virka hlustun.	Að starfsfólk leitist eftir því að beita virkri hlustun á markvissan hátt til að valdefla börnin í daglegu starfi.	Deildarstjóri ásamt öllu starfsfólki deildar	Okt 2023	Maí 2024	Umræður á deildarfundum, andrúmsloft deildarinnar, sjálfstæði barnanna	Starfsfólk bregðist við óskum barnanna og börnin leitist við að bjarga sér sjálf.
Sköpun	Að prófa okkur áfram með skynjun	Að taka markvisst inn í hópastarf	Deildarstjóri og leikskólakennari	Okt 2023	Maí 2024	Skráning á hvaða verkefni voru gerð og	Að það náist að vinna með amk 3 ólíka



	og sköpun með yngstu börnunum	skynjun og sköpun með ólíkum efnivið				skráningar frá verkefnum ásamt umræðum á deildarfundum	efniviði og umræður um sköpun hafi átt sér stað.
--	-------------------------------	--------------------------------------	--	--	--	--	--



3.2 Innra mat Geislalundar

Veturinn 2022 -23 voru 18 börn á Geislalundi, 9 börn voru fædd árið 2019 og 9 börn árið 2020. Stöðugildi voru 4. Að hausti voru börn aðlöguð milli deilda og starfsfólk fylgdu börnunum til aðstoðar. Aðlögun gekk vel, við gáfum okkur rúman tíma, en deildin var að lengi að setjast, t.d. var erfitt að ná áhuga barnanna í samverustundum, erfitt var að skipta hópnum því til þess þarf 4 starfsmenn (voru oftast 3) og lausnin oft að börnin skiptust í verkefni, lestur, kubba o.fl.

Mikið hefur verið unnið með samskipti og orðaforða. Settar voru kveikjur á veggi frá Blæ, jóga, tilfinningastíkan var uppi og leiðir sem við höfum til að láta okkur líða betur. Gaman hefur verið að fylgjast með börnunum skoða, ræða og tileinka sér aðferðirnar sem kynntar voru myndrænt.

Frjálsi leikurinn fékk mikið rými og innan hans skapast mörg tækifæri fyrir innlögn orða, samskipti, samvinnu og áherslur leikskólans, t.d jóga og vinsamlega snertingu.

Föst verkefni voru sjálfsmyndir að hausti og vori, fjölskyldumynd, jólagjafir til foreldra, gamli tíminn og tröllin, gróðursetning og gönguferðir að vori, Lubbi með málörvun og tilfinningaskrímsli. Einnig hefur áhugi barnanna verið gripinn hverju sinni, að hausti voru Karius og Baktus vinsælir og í kjölfarið Greppikló, Gosi, sagan af Gýpu og fleiri tröllasögur.

Umbótaþættir okkar í vetur voru þrír, að lesa daglega fyrir börnin, að skipta börnunum í minni hópa í samverustundum til að ná markvissari innlögn og skráning starfsmanna á leik og samskiptum barna. Lesið var mikið, sömu bækur og börnin þekktu bækurnar en ekki náðist að velja bók fyrir hvern mánuð því áhuga barnanna var fylgt, staldrað var lengur við lestur sömu bóka eða um 6 vikur og því má segja að markmið vetrarins er varðar læsi hafi tekist. Samverustundir voru oft á tíðum krefjandi þar sem það reyndist erfitt að finna efni sem hæfði öllum barnahópnum því mikill munur var á áhuga, þroska, skilningi og eirð barnanna. Eftir því sem leið á veturinn gekk betur að finna leiðir sem hentuðu einstaklingunum í hópnum. Lítið rými var svo til skráninga á leik en starfsfólk tók margar myndir og gerði skráningar um verkefni barnanna, sem og mikil ígrundun starfsmanna um börnin og samskipti þeirra þegar rými var til.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvenær metið/aðferð ir?	Viðmið um árangur
Meiri áhersla á tákn með tali	Tákn verði sýnileg, nýtist börnum í samskiptum	Táknin notuð í daglegu starfi, lagt inn nýtt tákn vikulega.	Allir starfsme nn	Sept.23	Mái 24	Deildafundir	Að TMT sé sýnilegt og notað í daglegu starfi
Valdefling barnanna	Að efla börnin í að gera sjálf og reyna sjálf ásamt því að efla virka hlustun.	Að starfsfólk leitist eftir því að beita virkri hlustun á markvissan hátt til að valdefla börnin í daglegu starfi.	Allir starfsme nn	Sept.23	Mái 24	Umræður á deildarfundum, andrúmsloft deildarinnar, sjálfstæði barnanna.	Starfsfólk bregðist við óskum barnanna og börnin leitist við að bjarga sér sjálf.
Sköpun	Vinna með sköpun í leik og með fjölbreyttan efnivið.	Skapa rými fyrir frjálsa leikinn, hafa efnivið við hæfi sem börnin hafa aðgang að.	Allir starfs- menn	Sept.23	Mái 24	Deildafundir	Að börn séu virk í leik og nýti sér efnivið sem er í boði.
Málörvun	Vinna meira með hljóðkerfisvit und, Lubbi finnur málbein, rím, atkvæði	Fá ráðgjöf frá verkefnastjór a málörvunar með efni til að vinna með.	Allir starfsme nn	Sept 23	Mái 24	Deildafundir og undirbúningur	Bætt hljóðkerfis- vitund á EVI málþroska- mati.



3.3 Innra mat Sunnulundar

Á Sunnulundi veturinn 2022-2023 voru 21 barn með þrjú stöðugildi og eitt stuðnings stöðugildi. Fimmtán börn voru fædd 2018 og sex börn fædd árið 2019. Yfir veturinn var unnið að verkefnum í þemum. Um haustið var unnið með náttúruna og jólin. Á vorönn var unnið með þorrann, tröll, vináttuna og barnið sjálf, umhverfismennt gönguferðir og gróðursetningu. Í kyrrðarstundum unnum við með yoga, slökun lestur og borðvinnu tengda málörvun.

Jólin og Jólagaöfin.

Þetta árið gerðum við skráningu með 2018 hópnum „svona gerum við“ um það sem við gerum í skipulögðum stundum. Börnin teiknuðu myndir af Blæ, Lubba, útkennslu og Jóni Reyni tröllastrák og jóga. Teknar voru myndir af ferlinu og sett saman í litla bók.

Þorrinn og tröll.

Unnum verkefni tengt þorranum, lásam bækur og sungum lög tengd gamla tímanum. Börnin gerðu líka tröll úr tröllaleir máluðu og gerðu litlar sögur. Máluðu líka mynd, tröllið mitt.

Börnin gerðu sjálfsmynd bæði haust og vor. Gaman að sjá breytingar á myndunum þeirra.

Miklar breytingar urðu á starfsmannahópnum, nýir starfsmenn auk þess sem ekki gekk að ráða deildarstjóra og urðu því færslur innan leikskólans með deildarstjóra deildarinnar. Í apríl lok kom síðan nýr deildarstjóri til starfa. Unnið var að ná festu og ró á deildinni og með því auka vellíðan barnanna.

Lögðum mikla áherslu á Lubba og verkefni tengd honum, börnin sýndu honum mikinn áhuga og lærðu mikið af þessum verkefnum. Lubba stundir voru einu sinni í viku undir stjórn sama kennarans.

Í apríl fórum við á Árbæjarsafn þar sem Lubbi og sveitalubbi tóku vel á móti okkur. Skemmtileg ferð og sáttur barnahópur.

Vináttuverkefnið blær fékk sitt pláss þó við höfðum ekki náð að taka hann upp eins oft og við áætluðum.

Í apríl stimpluðu allar deildar hendur barna og starfsfólks og gerum vináttu regnboga,

Útinám byrjaði vel í haust þar sem við fylgdumst með náttúrunni breytast og unnum verkefni tengd haustinu. Veturinn var snjóþungur og var erfitt að nýta sér það sem nærumhverfið hefur uppá að bjóða. Náðum þó að fara í nokkrar góðar gönguferðir og ræða um nærumhverfi okkar.

Að vori settum við niður fræ bæði sem börnin tóku með sér heim og til að setja út í bambahúsið okkar.

Lestraráttak var í apríl tengt degi barnabókarinnar. Farið var með allan barnahópinn á bókasafn, en farið var með helming hópsins í einu. Á bókasafninu voru lesnar tvær bækur auk þess sem þau fengu að leika sér í leikhorni safnsins.

Lestrarátakið var annars vegar allar deildar söfnuðu beinum undir Lubba mynd þar sem skrifað var hvaða bók var lesin. Hins vega bókaormur þar sem foreldrar skráðu þær bækur sem lesnar voru heima. Þetta féll í góðan jarðveg hjá bæði börnum og foreldrum.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samstillta og samskipti	Nefna tilfinningar Æfingar í að setja mörk og samþykkja mörk tilfinningastjórnun	Kyrrðar hornið og sófi alltaf tiltækur fyrir hvíld og afslöppun Kyrrðarstund 30 mín alls með skipulagi og markið Blær og umræða í stórum og litlum hópum um sögur og mismunandi efni	Deildastjóri að skipuleggja og kennarar að mæta og athuga þróunina	haust	vor	Starfsfólk metur á deildarfundum hvernig börnum gengur í samskiptum og að koma orði á tilfinningar sínar. Eins metur starfsfólk hvernig börnunum gengur í að halda einbeitingu í kyrrðarstundum	Úthald barna í leik eykst. Úthald barna í kyrrðar- stundum eykst
Sköpunarkraftur og einbeiting	Að finna jafnvægi milli áskorunar, hugrekki og skemmtunar Samstarf Þolinmæði	Opinn efniviður Minna úrval, meira pláss Staðbundið skipulag	allir	haust	vor	Reynt verður að skoða hvert úthald barna verður í leik í upphafi hvorrar annar og í lok hennar	Skoða hvernig börnum gengur að vinna saman og nýta opin efnivið til sköpunar
Náttúra og vísindi	Náttúrulegt vs. gervigreitt Rannsóknir og þekkingarverkefni	Árstíðir breytingar hjá Reynisvant Fimmtudags göngutúrar Vísindaleg hóptímar úti og inni	Deildastjóri	haust	vor	Skráningar og Sjálfsmyndardagbækur	Börn þekki áhrif árstíða á umhverfi og hafi fengið að prufa ýmsar tilraunir



3.4 Innra mat Stjörnulundar

Á Stjörnulundi veturinn 2022-2023 dvöldu 23 börn fædd 2017. Á deildinni voru 5 fastir starfsmenn, 2 starfsmenn voru stuðningur við 2 börn með sérþarfir. Tveir starfsmenn leystu af undirbúning starfsmanna og seinni hluta dags. Veturinn einkenndist af breytingum vegna veikinda starfsmanna sem var leyst með að færa starfsmenn milli deilda. Við erum einnig enn þá að aðlaga starfsemina að styttingu vinnuvikunnar, en það er full stytting hjá starfsmönnum. Við lögðum áherslu á hópastarf, kyrrðarstundir, læsi, útinám, félagsfærni, tilfinningalæsi og samskipti barna í leik. Börnin fóru í skólaheimsóknir 1x í mánuði og fótboltaæfingarnar á vegum Fram í leikfimissal Sæmundarskóla einu sinni í viku.

Í kyrrðarstundunum var lögð áhersla á jóga -og snertistundir, stærðfræði og lestur. Í jógastundunum var lögð áhersla á vinsamlega snertingu, öndun, jógastöður og ævintýraferðir. Í stærðfræðistundunum var meðal annars lögð áhersla á form, tölur, fjölda og stærðfræðileg hugtök. Tveir starfsmenn héldu áfram í menntafléttu tengdri stærðfræði. Þar var lögð áhersla á skráningar á leik barna á deildinni til að greina í hvaða birtingamynd stærðfræðin lýsir sér í leikskólanum. Í lok vetrar var lestur alsráðandi í kyrrðarstundunum, og voru börnin mjög áhugasöm að hlusta á framhaldsögur.

Í lestrastundunum var lögð áhersla á sögulestur með fjölbreyttum hætti, loð-töflu sögur, bókabíó og búin til stutt leikrit með börnunum. Sögur voru lesnar og börnin teiknuðu myndir út frá sögunum og sögurnar endurteknað. Hundurinn Lubbi kom í heimsókn og var lögð áhersla á ákveðna bókstafi og bókstafirnir rifjaðir upp frá síðustu árum. Við lögðum áherslu á auka orðaforða og skilning tvítýngdra barna sem nýttist öllum börnunum á deildinni.

Í menntastefnuverkefninu okkar var lögð áhersla á útinám og læsi. Við lögðum áherslu á sjálfstæði, hugrekki, standa með sjálfum sér og virða mörk annara. Börnin ræktuðu blóm sem þau önnuðust og pössuðu vel upp á. Blær kom í heimsókn í samverustundir og haldið var áfram með vináttuþjálfun og góð samskipti milli barnanna. Vinátta barnanna einkenndist af samkennd, samvinnu, bjóða aðstoð og þiggja aðstoð.

Við gáfum frjálsa leiknum rými þar sem byggingaá huginn eflast mikið og börnin byggðu flóknar og ólíkar byggingar. Börnin höfðu mikinn áhuga að búa til stutt leikrit og sýna hvort öðru. Einnig var mikill teikni áhugi sem smitaðist inn í hópinn sem hafði þau áhrif að skapaðist mikil sköpunar og hönnunar verkefni í vali. Þar má nefna leikritagerð, þar sem börnin bjuggu til leikrit sem þau sýndu hvort öðru á deildinni.

Hópastarf einkenndist af umræðum og verkefnum sem tengdist upplifun barna í náttúrunni og breytingarnar sem verða í náttúrunni eftir árstíðum. Börnin höfðu mikinn áhuga á tröllum og fuglum en verkefnavinna og umræða myndaðist kringum þessa þætti. Í lok skólaársins fóru meistarnir í nokkrar ferðir um Reykjavík s.s. Gufunesbæ, fjölskyldu- og húsdýradaginn, Grasagarðinn ásamt styttri ferðum í hverfinu. Í útskriftarferð sinni fóru meistara í dagsferð til Vatnaskógar.

Næsta vetur ætlum við að halda áfram með skráningar á leik, vináttuþjálfun og sköpun. Okkur langar að nýta nær umhverfið okkar enn frekar og fara á bókasafnið reglulega og gönguferðir, ásamt því að virkja áhuga barnanna á bambahúsinu okkar.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrg ð	Hefst	Lokið	Hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lestur/ málakilningur	Vinna markvisst að lestri og hlustun.	Lestur á fjölbreyttan hátt í litlum og stærri hópum. Virkja Lubba og leiki sem tengjast hljóðum og málakilningi.	Deilda- stjóri ásamt Starfsm deildar	Sept. 2023	Maí 2024	Metið á deildarfundum um áramót og vor. Hafa ritmál, sýnilegt á veggjum og vinna með bókstafi og tákn.	Lestur ákveðinna bóka í ákveðin tíma, endurtekningar og endursögn bóka.
Sköpun	Vinna með sköpun í leik og með ólíkan efnivið.	Vinna með verðlausefni og gefa börnunum færi á að nálgast margbreytilega n efnivið.	Deilda- stjóri ásamt Starfsm deildar	Sept. 2023	Maí 2024	Umræða á deildarfundum og skráningar á leik og verkefnavinnu.	Börnir séu virkari í sjálfssprottnu m leik og nýti sér og biðji um efnivið.
Útinám	Vinna með náttúruna og sköpun úti.	Gönguferðir, fjölbreytt verkefni, leikir úti og ræktun.	Deilda- stjóri ásamt Starfsm deildar	Sept. 2023	Maí 2024	Umræða á deildarfundum um áramót og vor. Umræða og upprifjun ferðum og verkefnum.	Meta út frá skráningum starfsfólks á ferðum og verkefnum tengt ræktun í bambahúsi.
Samskipti og vináttupjálfun	Vinna með samkennd og virðingu	Lestur og umræða, leikir og frjálsleikur	Deilda- stjóri ásamt Starfsm deildar	Sept. 2023	Maí 2024	Metið á deildarfundum, ræða vinatengsl barnanna og aðferðir til að styrkja þau og efla í vináttupjálfuninni.	Meta út frá leikskráningu m, leikjavali og tjáningu í litlum hópum.



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2022-2023

<p>Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Sú þróun hefur verið að eiga sér stað undanfarið að sérkennsla er að mestu leyti unnin innan deilda í daglegu starfi. Unnið er út frá hugmyndafræði náttúrulegrar kennslu og menntun án aðgreiningar, þar sem unnið er með barninu í þeirra umhverfi. Auk þess voru tvö börn sem fengu markvissa atferlisþjálfun 3-4x í viku. Í einstaklingsþjálfun voru skráningar unnar samkvæmt aðferðum markvissar atferlisþjálfunar, einnig var í sumum tilfellum notast við samskiptabækur milli heimilis og skóla.</p> <p>Í hópastarfi voru skráningar unnar eins, þvert yfir barnahópin.</p> <p>Verkefnastjóri málörvunar skipulagði markvissa málörvun fyrir þau börn sem á þurftu að halda, um er að ræða börn sem koma slök út í Hljóm-2 og EFI-2 málþroskaskimun, bæði einstaklingsmiðað og í hópavinnu. Einnig hefur verið unnið með hópa í forvarnarskyni þar sem hóparnir fá markvissa þjálfun í þeim þáttum sem koma fyrir í Hljóm-2. Í þeirri vinnu hefur verið unnið með kennsluefnið: Aðgerðaráætlun í kjölfar Hljóm-2, ásamt Paxel123.com og Hugur og fluga. Það fór þó svo að vegna manneklu tók verkefnastjóri málörvunar að sér að tímabundna deidarstjórn, sem stóð yfir frá nóv til apríl.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Hljóm-2, EFI-2 skimanir voru lagðar fyrir allan barnahópin. Þau börn sem komu slök út fengu í kjölfarið auka málörvun, annað hvort í hóp eða einstaklings.</p> <p>Webablls og AEPS voru nýttir fyrir börn sem voru með stuðning til að sjá hvaða þætti leggja skyldi áherslu á og sjá hvaða þætti þyrfti ekki að vinna með.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Keyptar voru körfur og dýr til að nota í atferlisþjálfun. Annað námsefnið sem var notað, var nú þegar til í skólanum, eða starfsfólk útbjó efni sem passaði þeirri þjálfun sem unnið var að.</p>



Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Innlögn á pecs	Leggja inn pecs myndir með þeim börnum sem á þurfa að halda	Nýta morgnana til að leggja inn mynd fyrir hvert barn. Nú hafa veir starfsmenn farið á námskeið og geta þeir ásamt sérkennslustjóra séð um innlögn.	Sérkennslustjóri	Sept 2023	Jan 2024	Hvort börnin hafa náð að tileinka sér það að nota pecs í daglegu starfi leikskólans.	Notkun á Pecs myndum.
Lausnateymi	Að setja saman lausnateymi innan leikskólans, til að ræða lausnir að þeim vanda sem upp kann að koma hjá einstaka barni eða í barnahóp.	Finna fasta tímasetningu fyrir teymið til að hittast. Velja hverjir sitja Lausnateymi. Velja hvaða gögnum skal vinna út frá og velja verklag til að vinna eftir.	Sérkennslustjóri í samráði við leikskólustjóra.	Haust 2023	Vor 2024	Hvort náðst hafi að hittast og farið yfir fundargerðir og metið hvort árangur hafi náðst.	Að úrlausnir finnast og farið verði eftir þeim hugmyndum sem upp koma á fundunum. Hvort kennarar finni sig öruggari í að stíga inn í hegðunar, eða önnur krefjandi mál tengt börnunum

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagnið var notað í laun verkefnastjóra málörvunar, sem tók börn af öllum deildum leikskólans í málörvunarstundir.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Markviss vinna á sér stað í öllu daglegu starfi. Maður á mann samskipti og setja orð á sem flestar athafnir. Málhljóðin eru lögð markvisst inn á hverri deild. Þar sem búið að úthluta hverri deild málhljóðum til að vinna að yfir veturinn.



	<p>Í skólanum er málörvunarteymi sem ákveður þemu sem unnin eru inni á deildum leikskólans. Sem dæmi var unnið með útifata þema og matmálstíma þema. Þá eru einnig nýttir ákveðin tímabil eins og þorrinn til að vinna með orð tengd því. Notast er við bæði orð og lög/vísur/rím til að og kenna börnunum.</p> <p>Gripið hefur verið til Gefðu 10 og unnið með það markvisst í stutta stund í senn. Það er ekki notað í daglegu starfi. Ef talin er þörf á að efla ákveðin börn inni á deildum leikskólans er það rætt og þeim sérstök athygli veitt.</p>
<p>Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?</p>	<p>Á öllum deildum eru bækur hafðar hjá sófa þar sem börnin geta sótt þær sjálfar og sest niður til að skoða. Kennarar geta þá sest niður og rætt um bókina.</p> <p>Við höfum nýtt okkar orðaspjall þar sem við prentum út orðalista og leggjum þannig orðin markvisst inn. Einnig hafa myndir verið hengdar upp í hæð barnanna sem kveikjur að umræðum. Starfsmenn deildanna nýta gjarnan það sem börnin hafa áhuga á hverju sinni til þess að auka orðaforðann, sem dæmi var áhugi barnanna á tröllum og gamla tímanum nýttur vel í starfinu á síðasta skólaári. Á flestum deildum eru að lágmarki 2 samverustundir þar sem ýmist er lesið, rætt og sungið. Börnin eru þá gjarnan spurð út í sögurnar eða beðin um að segja frá.</p>
<p>Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?</p>	<p>Fjöltyngd barn fá markvissa málörvun frá verkefnastjóra málörvunar. Nýttur var hæfnisrammi fyrir fjöltyngd börn til að fylgjast með framförum. Einnig voru gerðar skráningar í lok hvers málörvunartíma til að fylgjast með og meta framfarir.</p> <p>Málörvun er skipulögð fyrir hvert barn 4 vikur í senn og gerð einstaklingsáætlun.</p>
<p>Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn;</p>	<p>Unnið er með alla þessa þætti, ýmist innan deilda t.d í gegnum Lubba, einstaklingslega eða í hóp í Lautinni. Lögð var áhersla á að</p>



hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	vinna út frá áhugasviði barnanna. Sem dæmi var mikill áhugi á Kárius og Baktus. Kennari prentaði út myndir af bor, tannbursta og tannkremi og þessi orð lögð inn og fengu þau að leika með myndirnar í frjálsa leiknum. Mikið hefur verið unnið með tilfinningar og er tilfinningastika í hæð barnanna og orð sett á líðan þeirra. T.d. ég sé að þú ert reið/leið.
--	--

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Nýta heimasíðuna orðaleikur.	Nýta myndirnar og þau verkfæri sem á síðunni eru í vinnu með fjöltyngdum börnum og börnum sem hafa slakan málþroska	Ræða við starfsfólks leikskóla sem nú þegar eru að nýta sér efni síðunnar.	Verkefna- stjóri málörvunar	Haust 2023	Vor 2024	Með samtali við deildastjóra deildanna hvort þeir hafi náð að tileinka sér námsefnið.	Að myndir og efni af síðunni sé sýnilegt og í markvissri notkun.

Okkur í sérkennsluteyminu langar að tileinka okkur matslistana og auka samstarf við brúarsmið ásamt því að setja okkur málstefnu, þá finnst okkur spennandi að hafa vinaleikskóla og höfum við nú þegar viðrað þá hugmynd við Geislabaug þar sem þau eru með verkefnastjóra málörvunar líkt og við.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Á skipulagsdegi í september var lögð áhersla á að kynna vel starfið fyrir nýju starfsfólki. Farið var yfir verkefni framundan, ýmis praktísk mál eins og aðgang að kerfum og hvernig við notum þau, farið vel í fyrir hvað Reynisholt stendur og hvernig við vinnum að þeim áherslum, þróunarverkefni sem eru í gangi kynnt og að lokum var síðasta yfirferð á samskiptasáttmála sem unninn var síðasta vetur.

Í október fórum við dýpra í verkefni vetrarins til að stilla strengi, efla nýtt starfsfólk og gefa þeim reyndari færi á að segja frá. Unnið var í mismunandi hópum. Þegar rætt var um menntafléttuverkefni, læsi og stærðfræði var hópnum skipt upp í yngri og eldri deildir. Teymin hittust til að setja fram markmið vetrarins og var þá hópnum skipt þvert á deildir og að lokum var jafningjafræðsla þar sem fjórir reyndir starfsmenn sögðu frá og sýndu hvernig unnið er með umhverfismennt og lífsleikni. Þannig var unnið að því að allir starfsmenn þekki stefnu leikskólans.

Í nóvember var unnið að vellíðan í starfsmannahópnum og eflingu góðra samskipta þegar við sóttum námskeið hjá Saga story house, Lífsgæði í leikskólastarfi. Eftir hádegi unnum við að A-hluta Menntastefnunnar um hvernig við vinnum með læsi með yngri og eldri börnum.

Á starfsmannafundi í janúar var svo endurmat út frá starfsáætlun og markmið sett fyrir vorönnina.

Á skipulagsdegi í febrúar var haldin stuttur starfsmannafundur þar sem farið yfir nokkur atriði tengd starfinu t.d. boðleiðir og upplýsingaflæði. Tveir starfsmenn skólans voru með erindi tengt samskiptum okkar við börnin. Teymisfundir voru haldnir og seinni hluta dagsins fóru starfsmenn á stutt jóga námskeið þar þau lærðu að nota hreyfingu, öndun og slökun í jóga með börnum ásamt því að læra leiki.

Í mars var skipulagsdagur nýttur í að fara yfir áherslur leikskólans, rýnt var í kjörorð leikskólans: Fagmennska – virðing – vellíðan. Næsti dagskrárliður var að kynna starfsfólki fyrir fjölbreyttum aðferðum og efniviði sem hægt er að nota til þess að kenna börnunum þætti tengt áherslum leikskólans: Læsi, lífsleikni og umhverfismennt. Eftir hádegi þann dag fengu starfsmenn kennslu í hvernig hægt er að nota málörvunar námsefnið, Lubbi finnur málbein.

Skipulagsdagurinn í maí var nýttur í að fara yfir niðurstöður starfsmannakönnunar og tíminn nýttur til að skoða hvað umbætur mætti gera í starfinu og hvað við værum að gera vel. Starfsmenn deilda komu saman til endurmeta starf vorannarinnar. Eftir hádegið fengu starfsmenn fræðslu og kennslu á því hvernig hægt er að verkfærakistuna sem öllum er aðgengileg á síðunni *Fjölbreyttar kennsluáferðir*, en þar er að finna fjölbreytt efni tengt málþroska og læsi.

Starfsfólk skólans sótti ýmsa starfsþróun milli þess sem skólinn bauð þeim uppá;

- Fimm starfsmenn tóku þátt í menntafléttum, í stærðfræði, starfi með yngri börn og málörvun.
- Aðstoðarleikskólastjóri sótti nám í stjórnun hjá Reykjavíkurborg.
- Sérkennslustjóri sótti nokkur námskeið tengt foreldrafræðslu.
- Tveir starfsmenn fóru á námskeið í Pecs.
- Fjórir starfsmenn skólans fóru á íslenskunámskeið.
- Tveir starfsmenn sóttu námskeið í innra mati leikskóla.
- Einn starfsmaður fór á Blæ námskeið.
- Nokkrir starfsmenn fengu fræðslu tengt nýjum farsældarlögum.

Starfsþróunarsamtöl voru tekin við flesta starfsmenn leikskólans í maí.



7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Dagskrá fyrir forskóla skólaárið 2023-2024

Tengiliðir:

Elísabet frá Sæmundarskóla.

elisabet.gestsdottir@rvkskolar.is

Þóra Dögg frá Geislabaug - Sólin

thora.dogg.gudmundsdottir@rvkskolar.is

Elísabet (Lísa) frá Reynisholti - Stjörnulundur

elisabet.armannsdottir@rvkskolar.is

Elín Ósk frá Maríuborg

elin.osk.gudmundsdottir@rvkskolar.is

Karen Rún frá Fjósinu

karen.run.helgadottir@rvkfri.is

Símanúmer

Sæmundarskóli 411-7848

Fjöldi barna:

Þrjú hópar:

Reynisholt 411-6630

23 frá Reynisholti

Hópur 1: Reynisholt

Geislabaugur 411-3860

9 frá Geislabaug

Hópur 2: Reynisholt

Maríuborg 411-3800

1 utan hverfis

Hópur 3: Geislabaugur

Fjósið 664-7722

Tími:

Fimmtudagur milli klukkan 9:45-10:45. Leikskólabörn geta verið mætt fyrir á skólalóðina og verið í frímínútum með yngsta stiginu. Frímínútur eru frá 9:35-10:00. Börnin koma inn um inngang hjá íþróttahúsi og hengja af sér fötin þar. Kennslan fer fram á svæði 3. bekkjar (sem er fyrsta svæðið þegar komið er niður tröppurnar). **ATH. dagsætningar með rauðu gætu breyst.**

15. september- **Fundur með öllum sem koma að verkefninu**

22. september – **Hópur 1 og 2** ganga um skóla með forskólakennara

29. september – **Hópur 3** gengur um skólann með forskólakennara

6. október – **Hópur 1** umræður og nafnspjald, undirbúið í word

13. október – **Hópur 2** umræður og nafnspjald, undirbúið í word

Miðvikudaginn 12. október kl 10:00 – 11:00 . Bekkur í Sæmundarskóla heimsækir gömlu leikskólana sína. Leikskólar skipuleggja og muna eftir ;).

Kennarar í 1. bekk eru Dagbjört (Dæja) og Þóra – netföng á heimasíðu skólans. Ath. að börn sem komu utan hverfis koma líka í heimsókn á þessa hverfisleikskóla.

20. október – **Starfsdagur í Sæmundarskóla – enginn tími**

27. október – **Hópur 3** - umræður og nafnspjald, undirbúið í word

3. nóvember – **Hópur 1** – skólabarnið

10. nóvember – **Hópur 2** – skólabarnið

17. nóvember – **Hópur 3** - skólabarnið



16. nóv kl 10:35- 11:35 Dagur íslenskrar tungu **7. bekkur Sæmundarskóla heimsækir Reynisholt** og les fyrir nemendur þar. Kennarar sem kenna 7. bekk íslensku eru Hulda Dögg Proppe, Eydís Hörn Hermannsdóttir og Álfheiður Ingólfssdóttir – netföng á heimasíðu. Eftir að ákveða tíma.

24. nóvember – **Hópur 1** – Skólataskan

1. desember - **Hópur 2** – Skólataskan

Helgileikur sennilega vikuna 7.-11. desember Helgileikur – nánari upplýsingar síðar – reyni að fá tíma í íþróttahúsinu eins og undanfarin ár. Öll börn á leikskólanum fædd árið 2017 eru velkomin á leikrit.

15. desember – **enginn tími**

2023

5. janúar – **Hópur 3 - skólataskan**

12. janúar – **Hópur 1** – nestisbox og brúsi

19. janúar – **Foreldradagur í Sæmundarskóla – enginn tími**

26. janúar - **Hópur 2** - nestisbox og brúsi

2. febrúar – **Hópur 3-** nestisbox og brúsi

9. febrúar – **Hópur 1 og 2** – íþróttahús

16. febrúar – **Hópur 3** - íþróttahús

23. febrúar – **Vetrarleyfi í Sæmundarskóla – enginn tími**

2. mars – **Hópur 1** – listgreinar/spjaldtölvur og borða í hádeginu.

9. mars – **Hópur 2** – listgreinar/spjaldtölvur og borða í hádeginu.

16. mars – **Hópur 3** – listgreinar/spjaldtölvur og borða í hádeginu.

23. mars – **Hópur 1** – Vorskólahefti og viðurkenning

30. mars – **Hópur 2** – Vorskólahefti og viðurkenning

3. – 10. apríl páskafrí

13. apríl – **Hópur 3** – Vorskólahefti og viðurkenning

20. apríl – **Sumardagurinn fyrsti – enginn tími**

27. apríl – **Allir hópar saman** – Heimsókn í Fjósið

4. maí- **Allir hópar saman** – Heimsókn í Fjósið

11. maí – **Allir hópar saman** – Heimsókn í Fjósið

18. maí – Uppstigningardagur – enginn tími

Forskóla lokið

Fundur allra sem koma að verkefninu ef við teljum að þess þurfi



8 Foreldrasamvinna

Í vetur náðum við að bjóða foreldrum oftast inn í leikskólann og var það mjög ánægjulegt. Við höldum upp á afmæli leikskólans í nóvember með opnu húsi þar sem aðstandendum var boðið upp á morgunkaffi og leik með börnum sínum ásamt því að verk barnanna voru hengd upp til sýnis. Þorra- og góu kaffi var einnig vel heppnað á vorönninni auk þess sem opið hús var haldið aftur að vori til.

Foreldrafélagið skipulagði jólaföndur í desember og sveitaferð á Hraðastaði í Mosfellssveit í maí. Sú ferð var vel heppnuð og gaman að eyða deginum saman. Einnig bauð foreldrafélagið upp á skemmtilega sýningu hjá Lalla töframanni á sumarhátíð okkar.

Eins hefur foreldrafélagið fært starfsfólki skólans glaðning á kaffistofuna og hefur því verið afar vel tekið að starfsfólki.

Foreldraráð og foreldrafélagið hefur átt í góðu samstarfi með þá viðburði og ákvarðanir sem hefur þurft að taka fyrir starfið í skólanum og eru stjórnendur skólans afar ánægðir og þakklátir fyrir það góða samstarf.

Foreldraráð 2022-2023 skipuðu: Elva Margrét Árnadóttir og Ágústa Kolbrún Guðrúnardóttir

Foreldrafélagið 2022-2023 skipuðu: Svava Ágústdóttir, Ragnhildur Einaradóttir og Helena Harðardóttir.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagarnir verða sex talsins, tveir og hálfur fyrir áramót og 3 og hálfur eftir áramót.

Fyrsti skipulagsdagurinn verður hálfur dagur þann 29. september eftir hádegi. Þá ætlum við að fá fræðslu frá Kristínu Hildi um menntastefnuþáttinn sköpun í leikskólastarfi.

Næsti skipulagsdagur verður 26. október þar sem verður meðal annars boðið upp á skyndihjálpanámskeið og áherslur leikskólans verða í brennidepli. 24. nóvember er sameiginlegur skipulagsdagur í Austurmiðstöð.

Eftir áramót er skipulagsdagur fyrir hádegi þann 2. janúar sá dagur verður nýttur til að fara yfir áherslur leikskólans fyrir vormisserið.

6. febrúar er sameiginlegur skipulagsdagur vegna dags leikskólans

Skipulagsdagar 2. og 3. maí verða nýttir í starfsmannaferð til Helsinki í Finnlandi.

Skóladagatal Reynisholts 2023-2024

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ	
1 Þ		1 F	1 S	1 M	1 F	Fyllveldisdagur	1 M	Nýársdagur	1 F	1 M	Ánmar í Þiakum	1 M	1 M
2 M		2 L	2 M	2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 L	2 M	2 F	2 Þ	2 M	2 F
3 F		3 S	3 M	3 F	3 S	3 Þ	3 L	3 M	3 F	3 Þ	3 M	3 F	3 M
4 F		4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 F
5 L		5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 F
6 S		6 M	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M	6 L	6 M	6 M	6 F	6 L	6 L
7 M	Félagdagur vaxta	7 F	7 S	7 Þ	7 M	7 F	7 M	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 M	7 F
8 Þ		8 F	8 M	8 M	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 M
9 M		9 L	9 M	9 F	9 S	9 Þ	9 L	9 M	9 F	9 Þ	9 M	9 F	9 M
10 F	Leikskóli opnar	10 S	10 M	10 F	10 S	10 Þ	10 L	10 M	10 F	10 Þ	10 M	10 F	10 M
11 F		11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 Þ	11 M	11 F	11 F
12 L		12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 L	12 M	12 M	12 F	12 M	12 F
13 S		13 M	13 F	13 M	13 M	13 L	13 Þ	13 M	13 F	13 M	13 F	13 M	13 F
14 F		14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 M	14 F	14 S	14 M	14 F	14 S	14 S
15 Þ		15 F	15 S	15 M	15 Þ	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F
16 M		16 L	16 M	16 F	16 S	16 Þ	16 L	16 M	16 F	16 Þ	16 M	16 F	16 M
17 F		17 S	17 M	17 F	17 S	17 Þ	17 L	17 M	17 F	17 Þ	17 M	17 F	17 M
18 F		18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 M	18 F
19 L		19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 M	19 L	19 M	19 M	19 F	19 M	19 F
20 S		20 M	20 F	20 M	20 M	20 L	20 Þ	20 M	20 F	20 M	20 F	20 M	20 F
21 M	Skólastærn grafi	21 F	21 S	21 M	21 Þ	21 M	21 F	21 M	21 F	21 M	21 F	21 M	21 F
22 Þ		22 F	22 S	22 M	22 Þ	22 M	22 F	22 M	22 F	22 M	22 F	22 M	22 F
23 L		23 M	23 M	23 F	23 S	23 Þ	23 L	23 M	23 F	23 Þ	23 M	23 F	23 M
24 F		24 S	24 M	24 F	24 S	24 Þ	24 L	24 S	24 M	24 F	24 M	24 F	24 M
25 F		25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 M	25 F
26 L		26 Þ	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 M	26 L	26 M	26 M	26 F	26 M	26 F
27 S		27 M	27 F	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 F	27 M	27 F	27 M	27 F
28 M		28 F	28 S	28 M	28 Þ	28 M	28 F	28 M	28 F	28 M	28 F	28 M	28 F
29 Þ		29 L	29 M	29 F	29 S	29 Þ	29 L	29 M	29 F	29 M	29 F	29 M	29 F
30 M		30 F	30 M	30 F	30 S	30 Þ	30 L	30 M	30 F	30 M	30 F	30 M	30 F
31 F		31 S	31 M	31 F	31 S	31 Þ	31 L	31 M	31 F	31 M	31 F	31 M	31 F

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla, hvort leikskólinn verði opin alltt sumarið eða loki samfellt í tíu virka daga til tuttugu virka daga. Stefna SFS er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis fyrir fjölskyldur í Reykjavík. **Dagatalið er birt með fyrirvara um breytingar.**

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Elín Júlíana Sveinsdóttir 17. október 2023

Leikskólastjóri Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2023 – 2024 Reynisholt

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

**Elva Margrét Árnadóttir
Helena Harðardóttir**

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagur eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Það var ánægjulegt að fá loksins skólaár án nokkurra takmarkana og eða skerðingar á starfi skólans.

Mikil vinna hefur hins vegar farið í það að koma öllu starfi í réttan takt, á alla kanta. Fá foreldra aftur inn í leikskólann og ná aftur þeirri góðu tengingu sem yfirleitt einkennir skólastarf Reynisholts. Það er einmitt einn þáttur í megin áherslum sem leikskólinn leggur upp með þetta skólaárið.

Einnig þarf að þússa til starfsmannamál þar sem að mikið álag var á starfsmannahópnum síðustu ár (covid tímabil).

Megináherslur skólans þetta árið verður að vinna með matsáætlun sem var hluti af þróunarverkefni allra leikskóla í Austur miðstöð síðasta vetur.

Einnig þarf að fylgja eftir ákvörðunum sem teknar hafa verið á breytingum hluta húsnæði leikskólans. Þær breytingar sem nú þegar hafa orðið til dæmis á lóð leikskólans eru mjög ánægjulegar og löngu tímabærar. Svo að frekari umbætur á aðstöðu barnanna okkar og starfsfólks tökum við í foreldrafélaginu fagnandi.

Starfsmannahópurinn hefur verið duglegur að sækja starfsþróunarnámskeið síðasta vetur sem er alltaf jákvætt fyrir faglegt starf skólans. Ánægjulegt er að sjá fyrirhugaða starfsmannaferð til Finnlands í vor og verður gaman að sjá hvaða nýju hugmyndir og innblástur hópurinn kemur með til baka

Nú hefur Heiða leikskólastjóri látið af störfum og viljum við í foreldrafélaginu þakka henni kærlega fyrir frábært samstarf í gegnum árin. Elín Júlíana hefur tekið við keflinu og tökum við fagnandi á móti henni og hlökkum til að fylgjast með henni vaxa og dafna í nýrri stöðu.

Með kveðju

Foreldraráð

